

## REGLUGERÐ um Kvikmyndasafn Íslands.

### 1. gr.

#### *Hlutverk safnsins.*

Kvikmyndasafn Íslands er eign íslenska ríkisins og hefur það meginhlutverk að safna, varðveita, skrásetja, sýna og rannsaka íslenskar kvíkmyndir, safna samvinnuverkefnum íslenskra og erlendra aðila og erlendum kvíkmyndum sem teknar hafa verið á Íslandi.

Safnið starfar á grundvelli ákvæða kvíkmyndalaga, safnalaga, laga um skylduskil til safna og reglugerðar um skylduskil til safna, sem og í samræmi við önnur ákvæði laga er varða starfsemi þess.

Kvikmyndasafn Íslands fer í starfi sínu að síðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM) og Alþjóðasamtaka kvíkmyndasafna (FIAF).

Ráðherra fer með yfirstjórn safnsins samkvæmt kvíkmyndalögum.

### 2. gr.

#### *Forstöðumaður.*

Ráðherra skipar forstöðumann Kvíkmyndasafns Íslands til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa staðgóða þekkingu á kvíkmyndamálum og íslenskri menningarsögu. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Forstöðumaður stjórnar starfsemi safnsins og rekstri þess. Hann ræður aðra starfsmenn safnsins, er í fyrirsvari fyrir safnið og setur reglur um umgengni í safninu og notkun safnkostsins. Hann er ábyrgur fyrir að starfsemi safnsins og rekstur sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

Forstöðumaður ber ábyrgð á að rekstrarútgjöld og rekstrarrafkoma safnsins séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir safnsins séu nýttir á árangursríkan hátt. Hann gerir árlegar fjárhagsáætlunar vegna undirbúnings fjárlaga, sem ráðuneytið fer fram á.

### 3. gr.

#### *Helstu verkefni.*

Helstu verkefni Kvíkmyndasafns Íslands eru m.a. að:

safna, varðveita, skrásetja, sýna og rannsaka íslenskar kvíkmyndir, sem og að safna samvinnuverkefnum íslenskra og erlendra aðila og erlendum kvíkmyndum sem teknar hafa verið á Íslandi,

annast og hafa eftirlit með skylduskilum útvarps- og kvíkmyndaefnis samkvæmt lögum um skylduskil til safna,

standa fyrir sýningum á innlendri og erlendri kvíkmyndalist,

sjá um viðhald og endurgerðir á kvíkmyndum safnsins,

safna, skrá og annast viðhald tækja til kvíkmyndagerðar og kvíkmyndasýninga,

safna, varðveita og skrá efni sem tengist viðkomandi kvíkmyndum,

skapa fræðimönnum og öðrum aðstöðu til að stunda kvíkmyndafræðilegar rannsóknir, og efla kvíkmyndamenningu á Íslandi.

### 4. gr.

#### *Öflun heimilda.*

Safnið skal afla heimilda og stuðla að öflun og miðlun þekkingar á íslenskri kvíkmyndalist til almennings og sérfræðinga til fræði- og rannsóknastarf. Það skal vera meginheimildasafn á sviði íslenskrar kvíkmyndalistar sem hefur að geyma heimildir og gögn sem fjalla um íslenska kvíkmyndalist: Útgefin rit, sýningaskrár, úrkippur, tímarit, bókverk, handrit, umsóknargögn og smáefni, veggspjöld sem og myndheimildir, s.s. ljósmyndir, litskyggjur o.fl. sem snerta sviðið.

5. gr.  
*Gjaldtökueheimild.*

Hljóti Kvikmyndasafn Íslands viðurkenningu ráðherra samkvæmt 9. gr. safnalaga nr. 141/2011, er því heimilt að taka aðgangseyri og önnur gjöld í samræmi við 19. gr. safnalaga nr. 141/2011.

Kvikmyndasafnið getur tekið gjald fyrir þjónustu sína, svo sem fyrir kvíkmyndasýningar hvers konar afritun og fjölfoldun, til að standa straum af kostnaði, auk sérstaks gjalda vegna höfunda- og birtingaráttar þegar hann er í höndum safnsins, og fyrir hvers konar sérvinnslu skráa, úttak tölvugagna og sérfræðilega heimildaþjónustu þegar við á.

Opinber birting á verkum safnsins er óheimil nema með sérstöku leyfi safnsins, enda sé gætt réttar höfunda samkvæmt ákvæðum höfundalaga.

Forstöðumaður setur gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku, er taki mið af kostnaði, og skal sú gjaldskrá háð samþykki ráðherra.

6. gr.  
*Fjárhagur.*

Kostnaður af rekstri Kvikmyndasafns Íslands greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.

Kvikmyndasafnið getur einnig haft tekjur af eigin starfsemi, styrkjum og öðrum framlögum. Tekjum safnsins skal varið í þess þágu.

7. gr.  
*Lok starfsemi og ráðstöfun safnkosts.*

Kvikmyndasafn Íslands og safnkostur þess er í eigu ríkisins. Komi til þess að safnið verði lagt niður kemur það í hlut ráðherra að tryggja að þau menningarverðmæti sem það varðveitir glatist ekki, heldur verði varðveitt áfram í samræmi við ákvæði safnalaga.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 13. gr. kvíkmyndalaga nr. 137/2001 og öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 13. apríl 2015.*

**Illugi Gunnarsson.**

*Ásta Magnúsdóttir.*